

Sp.

544. Tillaga til þingsályktunar

[240. mál]

um byggingu tunniverksmiðju á Skagaströnd.

Flm.: Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu tunniverksmiðju á Skagaströnd með sömu afkastamöguleikum og tunniverksmiðjan á Siglufirði. Kostnaðaráætlun þessari verði lokið fyrir næstu áramót.

Greinargerð.

Á fundi, sem haldinn var í verkafólksdeild Verkalýðsfélags Skagastrandar 17. marz 1963, var samþ. áskorun á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því, að byggð verði tunniverksmiðja þar til starfrækslu þann tíma, sem staðbundið atvinnuleysi er þar á staðnum, sem er 3—5 mánuði ár hvert.

Í bréfi, sem flm. barst frá Skagaströnd, er frá því skýrt, að lítil sem engin atvinna hafi verið þar síðan snemma í febrúar. Stærri bátarnir hafa allir farið suður á vertíð, enda var afli bátanna mjög tregur þann tíma, sem þeir reru frá Skagaströnd, sérstaklega þó í febrúar. Bátarnir eru að mestu leyti mannaðir mönnum úr plássinu. Á vertíð suður hafa farið allmargir menn. Eftir er þó stór hópur verkafólks, sem hefur ekkert að gera. Litlar líkur eru fyrir því, að úr rætist með atvinnu fyrr en kemur fram á vor. Á Skagaströnd eru íbúar yfir 600 manns. Er því auðséð, að á þessum stað er allmikið vinnuafl ónotað, sem gæti skapað mikil verðmæti í þjóðarþúið, ef réttilega væri á haldið, auk þess sem það er þjóðarhneyksli, að fólk skuli búa við landlægt atvinnuleysi ár eftir ár, án þess að það opinbera geri minnstu tilraun til þess að bæta úr slíku vandræðaástandi.

Í lögum um tunniverksmiðjur ríkisins, frá 29. maí 1957, segir svo í 3. gr.: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í tunniverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga.“

Eins og þessum málum er háttað, vantar mjög mikið á, að tunniverksmiðjur ríkisins framleiði nægjanlegt magn af tómtunnum undir þá síld, sem seld er á erlendan markað. Árlega eru keyptar til landsins tugir og jafnvel hundruð þúsunda tómtunna. Innflutningur á tómtunnum krefst mikils gjaldeyris umfram það, sem þyrfti, ef tunnurnar væru smíðaðar hér innanlands. Ég fæ því ekki betur séð en allt mæli með því, að tunnusmiði hér innanlands verði stóraukin frá því, sem nú er. Það skiptir ekki öllu máli, hvar slíkar verksmiðjur yrðu reistar, upp á flutningskostnað til að gera, ef á annað borð þarf að flytja tunnur á milli sóltunarstaðanna.

Á Skagaströnd er til staðar stórt geymsluhús, sem byggt var í sambandi við síldarverksmiðju ríkisins. Þetta mikla geymsluhús er mjög lítið notað. Það virðist því auðsætt, að það mundu nást samningar við síldarverksmiðju ríkisins um leigu á þessu húsnæði undir tunnuefni og tómtunnur.

Þar sem hér er um að ræða allstórt fyrirtæki, sem kosta mun nokkrar milljónir króna, tel ég rétt, að ríkisstjórn sé falið að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu tunniverksmiðju á Skagaströnd af líkri stærð og tunniverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Að lokinni þeirri rannsókn verði málið lagt fyrir Alþingi.